

6. gr.

Við lögín bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,2%“ í 1. og 2. másl. 8. mgr. 2. gr. laganna kemur: 0,4%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögín:

- a. Af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans verður magngjald 50 kr./kg: